
FUNDARGERÐ

Fundur: Eldsneytishópur 2011-01
Fundartími: Fimmtudagur 15. september 2011 kl. 14:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni: 1) Skipuælag varðandi endurskoðun á eldsneytisspá.
2) Önnur mál

Fundinn sátu:

Eldsneytishópur: Ágústa S. Loftsdóttir, Orkustofnun
Magnús Ásgeirsson, N1
Birna Hallsdóttir, Umhverfisstofnun
Efla: Jón Vilhjálmsson

- 1) JV sagði að raforkuhópur hefði endurskoðað raforkuspá frá grunni og þá hefðu ýmsar almennar forsendur verið skoðaðar ítarlega. Nú væri verið að endurreikna raforkuspána og innifalið í þeirri vinnu væri að uppfæra ýmsar almennar forsendur. Þar væri lítil áhersla á samgönguþáttinn og þyrftum við því að uppfæra hann og m.a. fá ný gögn um bifreiðaeign. Samþykkt var að JV mundi panta þau gögn.

MÁ sagði að mikið hefði verið um skemmtiferðaskip á þessu ári og taka þau öll olíu hér. Mikil aukning hefur verið í eldasneytiskaupum að undanfögnu m.a. til flugvéla. MÁ sagði að það vantaði meiri tölfræði um flugvélar svo sem af hverju þær eru að millilenda hér.

ÁSL sagðist vilja stefna að því að hafa gögn um eldsneytisnotkun og niðurstöður spár á netinu svo fólk geti flett upp í gögnunum. Helst vildi hún að endurreikningurinn væri með gögnum þessa árs og því væri reynandi að fá gögn um árið 2010 í lok janúar 2011. Ákveðið var að stefna að því að fá gögnin í lok janúar 2011. Endurreiknuð spá gæti þá komið út á fyrsta ársfjórðungi 2012.

Fleira ekki gert. Næsti fundur um miðjan október eða í byrjun nóvember þar sem ÁSL er erlendis frá miðjum október fram í nóvember. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Dreift var fyrir fundinn:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um eldsneytisnotkun 1991-2010

Verkefni frá þessum fundi:

Umsjón	Verkefni
Jón	Fá tölur um bifreiðæign og hefja vinnu við endurreikning
Ágústa	Athuga með að innheimta gögn fyrir 2011 í janúar 2012..